

2004



Árið í hnotskurn



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
2004



Sterkari saman

Yfirskrift ársfundar Alþýðusambands Íslands árið 2004 er sterkari saman. Hún er valin að vel ígrunduðu máli. Í henni er að finna skírskotun í flest það sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir. Í ljósi margskonar umróts á vinnumarkaði undanfarna mánuði og misseri er ljóst að ekki má sofna á verðinum. Ég get nefnt Kárahnjúkamál í því sambandi og nú síðast deilu okkar við útgerðarfélagið Brim.

Frá síðasta ársfundi Alþýðusambandsins hefur margt borið til tíðinda. Þar ber hæst gerð kjarasamninga flestra aðildarsamtaka á almennum vinnumarkaði. Þó svo landssamböndin gengju til þessara samninga hvert fyrir sig, var mikill samhljómur í samningunum og samningagerðinni, enda höfðu samböndin með sér samráð í aðdraganda samninganna.

Skömmu fyrir jól beindi ríkisstjórnin sérstöku kastljósi að lífeyrismálunum, með því að leggja fram frumvarp um lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra. Fólk var misboðið og í skoðanakönnun kom fram að 80% þjóðarinnar var andsnúin málinu. Þetta gerði það m.a. að verkum að aðildarsamtökin settu fram nýjar kröfur í lífeyrismálum. Gerð var úttekt á stöðu lífeyriskerfisins og settar fram tillögur til úrbóta. Sumt af því náðist fram í samningunum og annað var sett í ákveðinn farveg.

Að ýmsu þarf að huga í sambandi við lífeyrisherfið á almennum vinnumarkaði. Sú meginniðurstaða liggur þó fyrir, að kerfið er gott og traust – ekki síst af því að það byggir á samtryggingu og kjarasamningsbundnum réttindum. Lífeyrisherfið sýnir okkur hverju við fáum áorkað

þegar við leggjum sameiginlega lóð á vogarskálarnar. Ég hef stundum haft á orði, að í íslenska lífeyrisherfinu kristallist þau grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar, að við berum öll ábyrgð á velferðinni – ekki bara okkar eigin velferð, heldur berum við í sameiningu ábyrgð hvert á öðru.

Málafni útlendinga hafa verið ofarlega á baugi í vinnu okkar á vettvangi Alþýðusambandsins undanfarin misseri. Verkalýðshreyfingin getur ekki sætt sig við að komið sé fram við útlendinga á íslenskum vinnumarkaði öðruvísi en kveðið er á um í lögum og kjarasamningum og þeir þannig notaðir til að færa niður kjör.

Stefnumótun í atvinnumálum var ofarlega á baugi á síðasta ársfundi og atvinnumálanefnd og miðstjórn hafa unnið með málið á milli funda. Sú vinna er lögð fram á ársfundi 2004. Jafnframt er kynnt á ársfundinum ný spá Hagdeildar um helstu hagstærðir.

Í þessu riti er fjallað um nokkur af þessum viðfangsefnum, auk þess sem spá hagdeildar verður gefin út í sérstöku riti. Að öðru leyti vísast í skýrslu forseta um störf Alþýðusambands Íslands árið 2004.



„Ég hef stundum haft á orði, að í íslenska lífeyrisherfinu kristallist þau grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar, að við berum öll ábyrgð á velferðinni – ekki bara okkar eigin velferð, heldur berum við í sameiningu ábyrgð hvert á öðru.“



Góð störf - traust réttindi

Á síðasta starfsári hefur Alþýðusamband Íslands unnið að fjölmörgum réttindamálum er varða hagsmuni launafólks í starfi og á vinnumarkaði. Eins og áður var þetta starf með tvennum hætti. Annars vegar miðaði það að því að treysta og efla þau réttindi sem áunnist hafa. Hins vegar fólust verkefnið í að tryggja frekari áfanga á þessu sviði.

Ný lög voru samþykkt á Alþingi í árslok 2003 um tíma- bundna ráðningu starfsmanna. Lögin sem sett eru á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið byggja á kjarasamningi sem aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu gerðu árið 1999. Alþýðusambandið tók virkan þátt í gerð þess samnings á sínum tíma og knúði síðan á um lögleiðingu hans hér á landi. Markmið laganna er að bæta réttarstöðu starfsmanna með tímabundnar ráðningar, með því að tryggja að þeim sé ekki mismunað miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Þannig eiga lögin að koma í veg fyrir að atvinnurekendur misnoti tímabundnar ráðningar og komi sér undan skyldum sínum.

Á fyrri hluta árs 2004 voru afgreidd lög frá Alþingi um starfsmenn í hlutastörfum sem einnig byggja á kjarasamningi samtaka launafólks í Evrópu með þátttöku ASÍ. Áður höfðu Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins gert samning sín á milli um sama efni. Markmið laganna er að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa. Jafnframt er þeim ætlað að greiða fyrir því að starfsmenn eigi vól á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna.

Á vettvangi Vinnueftirlitsins hafa fulltrúar ASÍ unnið að því að fylgja eftir þeim ávinningum sem náðust með breytingum á vinnuverndarlögum vorið 2003.

Lögin fela í sér margháttuð nýmæli sem varða bættar vinnuaðstæður og heilsuvernd á vinnustað. Jafnframt skapa þau traustari forsendur til að taka á sálrænum og félagslegum þáttum í vinnuumhverfi eins og áreiti, einelti og ofbeldi á vinnustað. ASÍ hefur á grundvelli þessara laga lagt áherslu á að settar verði reglur og unnar leiðbeiningar fyrir fyrirtæki og launafólk sem miði að fyrirbyggjandi starfi.

Á ársfundi ASÍ 2003 var staðfest stefna Alþýðusambandsins í málefnum atvinnulausra og hvað varðar virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Af hálfu ASÍ var þess krafist að kjör og réttindi atvinnulausra yrðu treyst til muna frá því sem verið hefur. Þá lagði ASÍ áherslu á að virkar vinnumarkaðsaðgerðir yrðu eflar til að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, bæði þeirra sem væru án atvinnu og þeirra sem væru í starfi, vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaðinum. Félagsmálaráðherra skipaði nefnd með aðild Alþýðusambandsins og hefur hún það hlutverk að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í erindisbréfi nefndarinnar segir m.a.: Markmiðið með endurskoðuninni er að bæta stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi, tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirki almennt. Alþýðusambandið bindur miklar vonir við þetta starf.

Fulltrúar Alþýðusambandsins vinna nú að fjölmörgum málum sem ætlað er að treysta frekar réttindi launafólks á vinnumarkaði. Hér má nefna samstarf við fleiri aðila um tillögur að löggjöf til að treysta sérstaklega stöðu eldra fólks, fólks með skerta starfsorku og fleiri hópa á vinnumarkaði. Þá er unnið að því að hrinda í framkvæmd samningum og tilskipunum sem samtök launafólks í Evrópu hafa náð fram, m.a. um réttindi starfsmanna til upplýsinga og samráðs og réttindi starfsmanna í fjarvinnu.





Lífeyrismál í brennidepli

Lífeyrismál hafa verið ofarlega á baugi undanfarið ár. Eftir að miðstjórn endurvakti lífeyrisnefndina á miðju árinu 2003 hófst umræða um tillögur velferðarnefndar um skýrari verkaskiptingu milli lífeyriskerfisins og almannatrygginga.

Ríkisstjórnin setti síðan lífeyrismálin í brennidepil þegar hún lagði fram frumvarp um verulegar hækkunar á lífeyrisréttindum ráðherra og alþingismanna í desember 2003, með fulltingi stjórnarandstöðunnar. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi frumvarpið harðlega með sérstakri ályktun í desember.

Flest landssambönd innan ASÍ höfðu þegar kynnt atvinnurekendum kröfugerð sína vegna komandi kjarasamninga. Í ljósi þróunar mála á Alþingi ákváðu formenn landsambanda og þriggja stærstu félaga innan ASÍ að setja fram kröfu um jöfnun lífeyrisréttinda á við opinbera starfsmenn og fólu lífeyrisnefnd að útfæra tillögur í því efni.

Í vinnu nefndarinnar kom fljótlega í ljós að þrátt fyrir styrkleika almenna lífeyriskerfisins stóð það frammi fyrir alvarlegum vandamálum vegna lengri lífaldurs og aukinnar örorku. Ennfremur höfðu verulegar breytingar á aldurs-samsetningu þjóðarinnar leitt til þess að forsendur jafnrar réttindaávinnslu höfðu raskast verulega. Sett var fram ítarleg skýrsla um stöðu lífeyriskerfisins, ásamt tillögum um úrbætur. Þær fólust í þrennu:

- Í kjarasamningi við atvinnurekendur yrði samið um hækkun mótframlags þeirra í lífeyrissjóði úr 6 í 8%. Þetta væri nauðsynlegt til að koma til móts við breyttar tryggingarfræðilegar forsendur án skerðinga á réttindum.
- Ríkissjóður tæki yfir fjármögnun örorkubóta, þrátt fyrir að réttur til þeirra grundvallaðist á réttindum í lífeyrissjóðum. Þannig yrði sjóðunum gert kleift að auka réttindi til eftirlauna.

- Ríkissjóður legði lífeyrissjóðunum til fjármuni til þess að fjármagna umbreytingu úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, án þess réttindi yrðu skert.

Atvinnurekendur voru ekki reiðubúnir til þess að standa að þessum tillögum gagnvart stjórnvöldum en í viðræðum Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins var ákveðið að leggja til við stjórnvöld að framlög atvinnurekenda yrðu hækkuð um 3% og þar af myndi ríkissjóður lækka tryggingargjald atvinnurekenda um 1,5%. Jafnframt var gengið frá sérstakri bókun um frekari viðræður um breytingar á samningi ASÍ og SA um lífeyrismál í ljósi erfiðrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðanna.

Þegar ríkisstjórnin lagði fram tillögur sínar um aðgerðir til að liðka fyrir gerð kjarasamninga reyndist hún ekki tilbúin til að ganga lengra en að lækka tryggingargjaldið um 0,45%. Atvinnurekendur lýstu vilja sínum til að hækka mótframlag sitt til lífeyrissjóðanna um 2 prósentustig byggt á útspili ríkisstjórnarinnar, ef gengið yrði frá kjarasamningi.

Skiptar skoðanir urðu um útspil ríkisstjórnarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar og var talið að stjórnvöld legðu lítið af mörkunum.

Töluverð vinna hefur verið innan lífeyrisnefndar ASÍ vegna viðræðna við fulltrúa SA um leiðir til þess að breyta jafna ávinnslukerfinu yfir í aldurstengt réttindakerfi. Haldnar hafa verið tvær ráðstefnur þar sem forsendur og helstu vandamál við slíka umbreytingu hafa verið kynntar og ræddar. Jafnframt var gert samkomulag við fimm stærstu lífeyrissjóði á samningssviði ASÍ og SA um að nýta grunnöggn til þess að meta áhrif mismunandi leiða í slíkri breytingu. Stefnt er að því að ljúka nýjum kjarasamningi á næstu mánuðum.





Kjaramál

Í aðdraganda kjarasamningsviðræðna varð fljótlega ljóst að samningsgerðin yrði að mestu í höndum landssambanda og einstakra félaga. Þó var ákveðið að eftirfarandi mál yrðu unnin á vettvangi Alþýðusambandsins: Sameiginlegar kröfur um samræmingu kjarasamninga og um jöfnun réttinda gagnvart Samtökum atvinnulífsins; sameiginlegar kröfur á stjórnvöld; forsenduákvæði kjarasamninga; og málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Samningur við atvinnurekendur bæði á almennum og opinberum markaði var að mestu lokið í byrjun sumars.

Samningar við atvinnurekendur á almennum markaði

Margt er sameiginlegt í hinum nýju kjarasamningum einstakra sambanda og félaga. Almenn var samið til fjögurra ára. Samið var um ákveðnar lágmarkslaunahækkanir: 3,25% 1. mars 2004; 3,00% 1. janúar 2005; 2,50% 1. janúar 2006; og 2,25% 1. janúar 2007. Þá var samið um að framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkaði um 2% á samningstímanum.

Í tengslum við undirritun kjarasamninga gaf ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu. Í henni kemur fram að hún ætli að beita sér fyrir því að fyrirkomulag fjármögnunar starfsmennta-sjóða verkafólks verði framlengt til ársloka 2007; að almennt tryggingargjald verði lækkað um 0,45% frá 1. janúar 2007, gegn því að Samtök atvinnulífsins samþykki að iðgjald atvinnurekenda til sameignarlífeyrissjóða verði frá þeim degi 8%; og að atvinnuleysisbætur verði kr. 88.767 frá 1. mars 2004 og hækki síðan í samræmi við almennar launahækkanir. Jafnframt lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til að hefja viðræður við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um hugsanlega aðkomu stjórnvalda að tilteknum þáttum í verkaskiptingu milli lífeyrissjóða og almennatrygginga.

Kjarasamningarnir byggja á þeim forsendum að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþátt Seðlabanka Íslands og að sú launastefna og þær kostnaðarhækkanir sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist, geta aðilar skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar. Komist hún að þeirri niðurstöðu að marktækt frávik hafi orðið frá annarri eða báðum ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst: Samið verður um viðbrögð við því að forsendur brugðust; eða samningurinn verður uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila.

Vorið 2004 gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um málefni útlendinga. Frá því er sagt í kafla um alþjóðavæðingu og útlendinga á vinnumarkaði.



Samningar við atvinnurekendur á opinberum markaði

Aðildarfélag Starfsgreinasambandsins og ríkið undirrituðu nýjan kjarasamning hinn 7. apríl. Samningurinn gildir til 31. mars 2008 og kemur í stað 14 mismunandi samninga sem áður giltu fyrir einstök félag sambandsins. Með samningnum er tekið stórt skref í að jafna kjör og réttindi milli ríkisstarfsmanna í félögum Starfsgreinasambandsins og ríkisstarfsmanna í félögum opinberra starfsmanna.

Samið var um lágmarkslaunahækkanir sambærilegar þeim sem samið var um við Samtök atvinnulífsins. Í stað þess að ákveða innröðun í launatóflu í miðlægum kjarasamningi er tekið upp kerfi stofnanasamninga. Framlag atvinnurekenda í sameignarlífeyrissjóð aukast verulega. Þannig hækkar það í 9% 1. janúar 2005, 10,25% 1. janúar 2006 og 11,5% 1. janúar 2007.

Þar sem samningurinn gengur að miklu leyti út á jöfnuð við samninga félaga opinberra starfsmanna var samið um takmörkun verkfalsréttar til samræmis við það sem gerist hjá félögum opinberra starfsmanna. Samningsforsendur eru þær sömu og samið var um við Samtök atvinnulífsins.

Rafiðnaðarsamband Íslands og ríkið undirrituðu kjarasamning hinn 1. júní og Samiðn og ríkið viku síðar. Samningarnir eru sambærilegir við samning Starfsgreinasambandsins og ríkisins. Almennar launahækkanir eru þær sömu. Einnig var samið um að jafna kjör og réttindi milli ríkisstarfsmanna sem eru í ólíkum stéttarfélögum.

Sjómannafélag Reykjavíkur, fyrir hönd sjómanna hjá Haf-rannsóknarstofnun, og ríkið undirrituðu kjarasamning hinn 26. júlí. Samningarnir eru sambærilegir við samning SGS við ríkið. Samið var um að Sjómannafélagið geti einhliða sagt samningunum upp frá og með 1. mars 2006 ef Alþingi ákveður að skerða eða afnema sjómannaafsláttinn eða ef félagið vill af einhverjum öðrum ástæðum segja samningnum upp.



Alþjóðastarf ASÍ

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja alþjóðlegan upp-
runa samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóða-
starfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Alþjóðavæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Auk hefðbundinna verkefna beindist starf ASÍ á alþjóða-
vettvangi einkum að eftirtöldum þáttum:

Á vettvangi norræna verkalýðssambandsins (NFS), Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og Ráðgjafar-
nefndar EFTA tóku fulltrúar Alþýðusambandsins virkan þátt í umræðu og stefnumótun evrópskrar verkalýðs-
hreyfingar í málefnum er varða þróun Evrópusamvinnunnar og áherslur í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum í Evrópu. Auk stækkunar Evrópusambandsins og Evrópska efnahags-
svæðisins og úrlausnarefna er tengjast henni hefur mikil vinna verið lögð í að verja stöðu launafólks fyrir þungri ásókn hægriafila í að veikja ýmis félagsleg ákvæði sem gilda um vinnumarkaðinn, sérstaklega hvað varðar vinnutímatilskipunina og frelsi í þjónustuviðskiptum.

8. október 2004 var undirritaður samningur aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitum. Fulltrúi Alþýðusambandsins tók virkan þátt í samninga-
gerðinni. Í inngangi samningsins er bent á að streita getur haft áhrif á sérhvern vinnustað og launamann, án tillits til stærðar fyrirtækis, starfsemi eða eðlis ráðningarsambands. Markmið samningsins er að skapa atvinnurekendum og starfsmönnum skilyrði til að greina og koma í veg fyrir eða hafa stjórn á vinnustreitum. Nú liggur fyrir aðilum vinnumarkaðarins hér á landi að hrinda þessum samningi í framkvæmd.

Á vettvangi Alþjóðavinnuárástofnunarinnar – ILO, hefur Alþýðusambandið tekið þátt í að móta lágmarksreglur á alþjóðavísu um starfsskilyrði og réttindi launafólks. Þá er á vettvangi ILO fylgst með því hvort aðildarríkin virða samþykktir stofnunarinnar og réttindi launafólks.

Á þingi ILO s.l. sumar var réttarstaða fiskimanna til sérstakrar umfjöllunar. Fulltrúi ASÍ tók virkan þátt í þeirri umfjöllun sem haldið verður áfram á næsta ári og er stefnt að því að þá verði afgreidd ný samþykkt um þetta efni.

Þá kom framganga íslenskra stjórnvalda vegna margendurtekinnar lagasetningar á kjaradeilur sjómanna og útgerðarmanna til sérstakrar umfjöllunar á þinginu í framhaldi af kæru Alþýðusambandsins. Í niðurstöðu nefndar þingsins um framkvæmd samþykktar ILO um mál ríkisstjórnar Íslands er að finna þungan áfellsdóm um framgöngu stjórnvalda og þau hvött til að bæta ráð sitt og tryggja samningsfrelsi aðila.





Atvinnumál

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku atvinnulífi og samfélaginu öllu á stuttum tíma. Alþjóðavæðing, tækni-breytingar, nýsköpun og símenntun eru í auknum mæli hluti af daglegu lífi. Í þessum breytingum felast bæði tækifæri og hættur. Samtök launafólks bera mikla ábyrgð á að tækifærin séu vel nýtt. Þau bera líka ábyrgð á að standa vörð um nokkur grundvallargildi, gildi tengd réttarstöðu launafólks, gildi öflugs velferðarkerfis og gildi viðtækrar sáttar um grundvöll stöðugleika og fullrar atvinnu í landinu.

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands árið 2003 var mótuð sú framtíðarsýn að: „Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.“ Í þessu felst að þætta þarf saman efnahags-, atvinnu- og félagsmál í eina heildstæða stefnu.

Til þess að ná þessu markmiði ákvað ársfundur ASÍ 2003 að atvinnustefnan ætti að hvíla á þremur meginstöðum: Frumkvöðlastarfi og nýsköpun, aðlögun og starfshæfni og jöfnum tækifærum. „Nýsköpun og frumkvöðlastarfi“ er drifkraftur viðvarandi hagvaxtar og uppspretta nýrra vel launaðra starfa. „Aðlögun og starfshæfni“ tryggir félagslega aðlögun launafólks að breytingum í atvinnulífinu. „Jöfnun tækifæra“ er nauðsynleg til að skapa sátt í öllu samfélaginu um markmið og leiðir.

Atvinnumálanefnd Alþýðusambands Íslands hefur komið reglulega saman á tímabilinu 2003–2004. Meginviðfangs-efni hennar hefur verið mótun stefnu í atvinnumálum á grundvelli samþykktu síðustu ársfunda ASÍ. Afrakstur þessarar vinnu birtist m.a. í skýrslu um atvinnustefnu sambandsins sem lögð er fram á ársfundinum 2004.

Atvinnuástandið

Atvinnuástandið í landinu er ekki gott og hefur lítið sem ekkert batnað frá því í fyrra. Í lok ágúst 2004 var fjöldi atvinnulausra í landinu 4.600 manns, eða 73 fleiri en á sama tíma í fyrra. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af fjölda á vinnumarkaði var 2,9% sem er sama hlutfall og á sama tíma í fyrra.

Helmingur allra atvinnulausra í ágúst s.l. var undir 35 ára aldri og þriðjungur var langtímaatvinnulaus, þ.e. hefur verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur. Bæði þessi hlutföll hafa hækkað síðustu ár.

Sé þetta sett í samhengi við hinn mikla hagvöxt síðustu misseri má ætla að hver starfandi maður hafi aukið afköst sín verulega – fremur en að fjöldi starfandi hafi aukist.

Það er vissulega líklegt að einhver afkastaaukning hafi átt sér stað. Hún er þó varla eins mikil og ætla má í fljótu bragði, m.a. vegna þess að sennilega eru fleiri starfandi en tölur um atvinnuástandið gefa til kynna, t.d. útlendingar sem ekki eru skráðir með viðunandi hætti í opinberum gögnum.

Eftir stendur, annars vegar að hinn mikli hagvöxtur síðustu misseri skýrist líklega að nokkru leyti af „ósýnilegu“ framlagi erlendra starfsmanna, hins vegar að atvinnulausum fækkar ekki. Full ástæða er því til að hafa áhyggjur af atvinnuástandinu, sérstaklega atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi.

Vinumarkaðsaðgerðir

Vegna slæms atvinnuástands veturinn 2003 ákvaðu stjórnvöld að flýta ýmsum atvinnuskapandi framkvæmdum. Í framhaldi af því settu Vinnumálastofnun og Atvinnuleysistryggingasjóður aukinn kraft í ýmis vinnumarkaðs-úrræði. Samt minnkaði árstíðaleiðrétt atvinnuleysi lítið.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2005 mun heildarfjárveiting til vinnumála hækka um 17,6% frá gildandi fjárlögum í kjölfar samkomulags Alþýðusambandsins við stjórnvöld um verulega hækkan atvinnuleysisbóta í tengslum við kjarasamninga s.l. vor.

Gert er ráð fyrir að framlag til Vinnumálastofnunar hækki um 16,9% frá gildandi fjárlögum. Hækkunin skýrist m.a. af auknu framlagi til eflingar umsýslu við útgáfu atvinnuleyfna og starfsþjálfunar ungs fólks. Þá er gert ráð fyrir að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 45,0% frá gildandi fjárlögum. Hækkunin skýrist m.a. af hækkan bóta og framlags til vinnumarkaðsaðgerða í kjölfar kjarasamninga.



Alþjóðavæðingin og útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Vaxandi fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur varpað nýju ljósi á ýmsa veikleika er varða réttindi og kjör útlendinga á vinnumarkaði og framkvæmdina hér á landi. Þetta birtist með margvíslegum hætti: Upplýsingar um þá útlendinga sem hingað koma til starfa, fjölda þeirra, við hvað þeir starfa og á hvaða kjörum, eru mjög ófullkomnar. Þá hafa komið upp ítrekuð dæmi síðustu misseri um að útlendingar á vinnumarkaði hafi ekki notið kjara og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög. Þetta hefur leitt til undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Skýrasta birtingarmyndin er það sem gerst hefur í tengslum við framkvæmdirnar við Kárahnjúka. Þar við bætast grunsemdir um að vaxandi fjöldi útlendinga stundi störf hér á landi án atvinnuleyfa og að þeir notaðir í svartri atvinnustarfsemi.

Að mati ASÍ er mikilvægt að sporna við framangreindri þróun af festu. Tryggja verður að erlent launafólk sem hingað kemur til starfa njóti sömu kjara og réttinda og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði. Þá er nauðsynlegt að stjórnvöld móti skýra stefnu í málefnum útlendinga sem tryggja stöðu þeirra og réttindi.



Stefna Alþýðusambandsins miðar að því að tryggja stöðu og réttindi útlendinga sem hingað koma til starfa og verja kjör og réttindi þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði. Þessi markmið fara saman eins og tvær hliðar á sama peningnum.

Í janúar 2004 kynnti Alþýðusambandið ríkisstjórninni sameiginlegar áherslur aðildarsamtaka sinna í tengslum við kjarasamningaviðræður undir yfirskriftinni „Kjarasamningar og sáttmáli um traustari réttindi launafólks með öflugu félagslegu öryggiskerfi.“ Þar er bent á að viðtækar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á undanförunum árum og enn frekari breytinga sé að vænta. Við þetta bætist að Ísland er engan veginn í stakk búið til þess að mæta því álagi sem stækkun EES mun valda á vinnumarkaði. Lagði Alþýðusamband Íslands áherslu á

nýjan sáttmála um þrihliða samstarf við ríkisstjórnina og Samtök atvinnulífsins. Auk þess áréttaði ASÍ mikilvægi þess að gerð yrði aðgerðaáætlun sem feli í sér ýmis atriði, einkum mótun sameiginlegrar stefnu í málefnum útlendinga til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og rýrnun kjara.

Almennt verður að segja að viðbrögð og afstaða stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda hafi valdið miklum vonbrigðum. Þau hafa einkennst af sinnuleysi og jafnvel andstöðu við sjónarmið Alþýðusambandsins. Þannig hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað lýst þeirri stefnu sinni að tryggja beri sem greiðastan aðgang erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði og lipra og snurðulausa útgáfu atvinnuleyfa. Í samræmi við þessa stefnu hefur SA hafnað stefnumótun ASÍ í málaflokknum og lagst gegn mikilvægum úrbótum varðandi framkvæmdina. Þá hefur stefna stjórnvalda varðandi útgáfu atvinnuleyfa og réttindi útlendinga á vinnumarkaði ekki enn séð dagsins ljós.

Nokkrir áfangar

Í tengslum við kjarasamningaviðræður á fyrri hluta ársins fóru fram viðræður á milli Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði þar sem ASÍ lagði áherslu á þrjá þætti:

- Að fyrirtæki veiti trúnaðarmönnum eða stéttarfélögum aðgang að upplýsingum um laun og önnur starfskjör útlendinga.
- Að samið yrði um ákveðið ferli fyrir ágreiningsmál.
- Að með löggjöf yrði tryggt að samningur sem næðist á milli ASÍ og SA í þessum efnum næði til vinnumarkaðarins alls.

7. mars 2004 var síðan gengið frá samkomulagi á milli aðila um þessi mál. Að mati ASÍ var um ágætlega ásættanlega niðurstöðu að ræða þar sem meginmarkmiðum sambandsins var náð. Þá lýstu samningsaðilar yfir sameiginlegum vilja sínum um að samningurinn fengi almennt gildi á vinnumarkaði með lagasetningu og settu fram tillögu um það efni, en stjórnvöld höfðu gefið fyrirheit um slíka lagasetningu.

Mikil vinna hefur verið lögð í gerð reglugerðar um framkvæmd á lögnum um atvinnuréttindi útlendinga og verk-lagsreglna fyrir Vinnumálastofnun. Af hálfu ASÍ var áhersla lögð á að markmiðið með þessari vinnu væri að treysta framkvæmd laganna, tryggja að atvinnuleyfi sem gefin væru út samræmdust þeim vinnumarkaðssjónarmiðum sem lögin byggja á og að útgáfa þeirra færi ekki í bága við önnur lög og reglur á vinnumarkaði. Þá var lögð áhersla á að komið yrði í veg fyrir að fyrirtæki kæmust upp með að brjóta á erlendu launafólki kjarasamninga og lögbundin réttindi.



Í maí 2004 lágu fyrir drög að reglugerð ásamt verklagsreglum sem send voru út til umsagnar. ASÍ studdi þau eindregið eins og þau lágu fyrir og sátt var um.

Útgáfa reglugerðarinnar var stöðvuð á síðustu stundu vegna andmæla af hálfu Samtaka atvinnulífsins sem jafnframt visuðu til andstöðu ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo og Landsvirkjunar. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur þessum vinnubrögðum verið mótmælt harðlega og félagsmálaráðherra verið hvattur til að gefa reglugerðina þegar út.

Eftirleikurinn

Ljóst er að málefni útlendinga á vinnumarkaði verða áfram fyrirferðarmikil í starfi hreyfingarinnar næstu misserin.

Virkja þarf þá eftirlitsheimild sem felst í samningnum við SA og skapa þannig nægjanlegt aðhald að þeim fyrirtækjum sem brjóta á erlendum starfsmönnum. Þá er mikilvægt að komið verði böndum á starfsemi starfsmannaleiga og þjónustufyrirtækja með erlenda starfsmenn, tryggja að þær greiði laun og tryggi önnur starfskjör í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga og greiði skatta og skyldur til íslensks samfélags af starfsemi sinni hér á landi í samræmi við lög. Síðast en ekki síst er mikilvægt að knýja á um stefnu stjórnvalda um útgáfu atvinnuleyfa og í málefnum útlendinga almennt á vinnumarkaði í samráði við verkalýðshreyfinguna.

Efnahagsmál og sjálfstæð verkalýðspólitík

Mörg mál á sviði efnahagsmála hafa komið á borð ASÍ á árinu. Einna hæst ber aðstoð skrifstofu og einstakra deilda við aðildarsambönd og –félög í tengslum við gerð kjarasamninga í vor, vinna starfsmanna fyrir miðstjórn við mótun nýrrar stefnu í atvinnumálum og uppbygging Hagdeildar á eigin haglíkani.

Hagdeildin sendi frá sér sína fyrstu spá um helstu hagstæðir í janúar á þessu ári. Spáin byggir á líkani sem deildin hefur þróað í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Markmiðið með spánni er að meta og lýsa á heildstæðan hátt stöðu og horfum í efnahagsmálum. Þetta er mikilvægur grunnur fyrir sjálfstæða verkalýðspólitík í nútímasamfélagi.

Stefnt er að því að Hagdeildin gefi út tvær skýrslur á ári, haustskýrslu og vorskýrslu. Í haustskýrslunni, sem nú er lögð fram í fyrsta skipti, verður sett fram greining á stöðu og horfum í efnahagslífinu og hagspá til tveggja ára.

Vorskýrslan mun annars vegar verða tileinkuð endurskoðun á hagspá og hins vegar einhverju afmörkuðu þema tengdu efnahags-, atvinnu eða kjaramálum.



Það sem af er árinu 2004 hefur hagvöxtur verið mikill og allar líkur eru á að spá Hagdeildar frá því í janúar gangi eftir og hagvöxtur ársins verði 5,7%. Þessi kröftugi hagvöxtur er að stærstum hluta drifinn áfram af mikilli einkaneyslu og fjárfestingum. Hagdeild áætla að einkaneysla ársins 2004 aukist um 7,1% og fjárfestingar um 17,3%. Áætla má að samneyslan aukist um 2,3% sem er umfram áætlun fjárlaga en heldur minna en í fyrra. Áætlað er að útflutningur vaxi um rúm 5% og innflutningur um 12,7%.





Mennt er máttur

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða við í menntamálum og hefur þessi þáttur í starfsemi verk-
lýðshreyfingarinnar vaxið hröðum skrefum. Menntanefndin
vinnur að stefnumótun Alþýðusambandsins í málaflokknum,
er stjórn MFA – fræðsludeildar ASÍ og tekur þátt í fjöl-
mörgum öðrum verkefnum. Auk þess standa ýmsir aðilar
á vegum verkalyðshreyfingarinnar fyrir margvíslegum
fræðsluverkefnum, t.d. á vegum fræðslusjóðanna sem voru
settir á stofn í kjölfar kjarasminganna árið 2000 og
fræðslustofnana iðnaðarmanna.

MFA-fræðsludeild ASÍ

Hlutverk MFA er að tryggja fræðslu fyrir talsmenn
verkalyðshreyfingarinnar. Það er gert með ýmsum hætti,
bæði með því að standa fyrir námskeiðahaldi og með
útgáfu fræðsluefnis. Á tímabilinu voru haldin námskeið
fyrir talsmenn, alls 590 einstaklinga. Haldin voru 14
trúnaðarmannanámskeið, sótt af 193 einstaklingum, 117
konum og 76 körlum. Á árinu var gefin út ný trúnaðar-
mannamappa – Handbók trúnaðarmannsins. Á vegum MFA
voru síðan sendir tveir fulltrúar í Genfarskólann.

Á tímabilinu hófst samstarf MFA og Háskólans á Akureyri
um nám fyrir forystumenn í stéttarfélagum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð í árslok 2002
af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í
kjölfar samninga á almennum markaði þar sem ríkisstjórn
Íslands samþykkti yfirlýsingu um að efla starfsmenntun í
atvinnulífinu. Hlutverkið er að stuðla að aukinni og bættri
fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega
grunnmenntun. Í apríl 2003 var undirritaður
þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið og eftir
það fóru hjólin að snúast. Miðstöðin var formlega opnuð
21. nóvember á síðasta ári. Þá hafði þegar verið gerður
samstarfssamningur við Mími-símenntun og unnið er að
undirbúningi slíkra samninga við símenntunarmiðstöðvar
um land allt. FA er ekki ætlað að sjá um beina framkvæmd
námskeiðahalds og kennslu, heldur koma að hönnun og
skipulagningu náms og tryggja gæði fræðslunnar, sem
veitt eru af öðrum aðilum, með samningum. Annað
lykilhlutverk er að vinna að þróun aðferða við mat á námi
og námsárangri, t.d. með mati og vottun á óformlegu námi
og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluáðila.



Mímir-símenntun

Mímir-símenntun var stofnað sem einkahlutafélag til
almannaheilla í desember 2002 og er að fullu í eigu ASÍ.
Starfsemi hófst í janúar 2003 með verkefni á sviði
fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, sem áður voru hjá
Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og í Mími-
Tómstundaskólanum. Mímir-símenntun sér um framkvæmd
verulegs hluta félagsmálafræðslunnar á grundvelli
þjónustusamnings við ASÍ og Félagsmálaskólann.

Mímir-símenntun heldur fjölbreytt námskeið fyrir
einstaklinga, félög, samtök og vinnustaði. Auk þess er
haldinn fjöldi námskeiða fyrir atvinnulausa í samstarfi við
Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Starfstengdum
námskeiðum er skipt í þrjá meginflokkka: Starfsmennta-
námskeið, almenn námskeið og nám fyrir atvinnulausa.


Annað

Þessu til viðbótar er Alþýðusambandið þátttakandi í Mennt
– samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, sem m.a. hefur
séð um viku símenntunar, upplýsingavef um námsframboð,
upplýsingaöflun og þjónustu vegna CEDEFOP, starfsmennta-
stofnunar Evrópu, starfsmenntaverðlaunin og ýmsa þjónustu
vegna Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunarinnar.

ASÍ á fulltrúa í stjórn Leonardo áætlunarinnar, 18 manna
nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á
framhaldsskólastigi og Starfsmenntaráði.

Útgefandi: Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1, 105 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson

Listasafn ASÍ



Listasafn ASÍ var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt, alls um 120 myndir, flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Með þessari gjöf sinni lagði Ragnar í Smára grundvöllinn að listasafninu.

Í febrúar voru eitt hundrað ár liðin frá fæðingu Ragnars í Smára og af því tilefni var haldin sýning í Listasafni ASÍ. Ragnar í Smára átti þá hugsjón að skapa listamönnum aðstæður til að sinna list sinni og koma henni á framfæri til almennings. Jafnframt vildi hann að almenningur fengi notið listar meistaranna. Þessi hugsjón Ragnars í Smára skýrir líklega betur en flest annað af hverju hann fól Alþýðusambandinu varðveislu málverkasafn sitt. Hann vissi að með því væri dregið úr líkunum á því að safnið yrði leyst upp og einstök verk seld úr því. Hann vonaðist einnig til að Alþýðuhreyfingin héldi í heiðri þann skýra vilja sem fram kemur í gjafabréfinu árið 1961 – það er að tryggja aðgang almennings að þessum dýrgripum. Með gjöf sinni varð sú ósk hans að veruleika að stofnað yrði alþýðulistasafn sem kæmi listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu.

Hannibal Valdimarsson, þáverandi forseti ASÍ sagði í bréfi til Ragnars eftir að miðstjórn hafði samhljóða samþykkt á fundi sínum þann 22. júní árið 1961 að þiggja gjöfina: „Miðstjórn Alþýðusambandsins gerir sér ljóst að vandi mikill fylgir þeirri vegsemd, að "samtök íslenskra erfiddismanna" taki að sér varðveislu og ávöxtun þessara dýrmætu listaverkafjárjóða, en það er von vor, að Alþýðulistasafninu verði um alla framtíð vel borgið í fóstri Alþýðusambands Íslands."

Listasafn ASÍ hefur alla tíð starfað með þetta að leiðarljósi og hefur m.a. verið brautryðjandi í vinnustaðasýningum um land allt. Stefna Listasafns ASÍ við val á sýndum er að velja inn breitt þversnið af íslenskrum myndlist og hönnun áhugaverðra og framsækinnu listamanna.

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu og er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13–17. Aðgangur er ókeypis.

